

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Safamýri 41.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar 9. júlí 2021 breytingu á deiliskipulaginu Safamýri – Álftamýri vegna lóðarinnar nr. 41 við Safamýri. Í breytingunni felst að heimilt verður að rífa sambyggða bílskúra á lóðinni og byggja nýja í sömu mynd þar sem byggingarreitur er stækkaður lítillaga. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar 1. október 2021 breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst stækkun hússins ásamt því að setja skyggni yfir inngang á þriðju hæð og útistiga upp á þriðju hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skálafell.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs 13. október 2021 breytingu á deiliskipulagi Skálafells. Í breytingunni felst að sveitarfélagamörk eru uppfærð á milli Reykjavíkur og Kjósarhrepps sem hafa breyst frá því deiliskipulagið var unnið upphaflega og bætt er við lóð og byggingarreit á toppi Skálafells fyrir núverandi fjarskiptastöð og sendistöð sjónvarps í samræmi við gildandi lóðauppdrátt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 20B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar 2. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst að heimilt verður að gera einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið hússins með þaksvölum auk þess að gera inndregna þakhæð, tengibyggingu á millibyggingu milli hornhúss og rishúss, með kvisti til suðurs úr mænispaki sem veitir aðgang að þaksvölum sem verða yfir endahúsinu. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Esjumelar – Varmidalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar 27. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að skilgreindar eru manir við norðurenda svæðisins til þess að minnka vindálag á aðliggjandi lóðum, settjörn við norðausturenda Kalksléttu er felld út og ný sett í staðinn norðvestan við Gullsléttu 16, lóðirnar Koparsléttu 22 og Kalksléttu 1 eru sameinaðar í eina lóð og dreifistöðvar Veitna við

Nr. 1225

18. október 2021

Norðurgrafarveg 4A og 6A eru felldar út. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 18. október 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2021